

397. fundur fræðslunefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 1. nóvember 2018
og hófst hann kl. 08:10.

Fundinn sátu:

Kristján Þór Kristjánsson varaformaður, Jónas Þór Birgisson aðalmaður, Nanný Arna Guðmundsdóttir aðalmaður, Magnús Einar Magnússon aðalmaður og Þóra Marý Arnórsdóttir varamaður.

Embættismenn:

Margrét Halldórsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs og Guðrún Birgisdóttir, skóla- og sérkennslufulltrúi.

Fundargerð ritaði: Guðrún Birgisdóttir, skóla- og sérkennslufulltrúi Ísafjarðarbæjar.

Áheyrnafulltrúar fyrir grunnskólamál: Sveinfríður Olga Veturliðadóttir, fulltrúi skólastjórnenda, og Laufey Eypórsdóttir, fulltrúi kennara.

Áheyrnafulltrúar fyrir leikskólamál: Helga Björg Jóhannsdóttir, fulltrúi leikskólastjórnenda, og Catherine Chambers, fulltrúi foreldra leikskólabarna.

Dagskrá:

1. Verkefnalisti fræðslunefndar - 2014030064

Lagður fram verkefnalisti fræðslunefndar.

Gerð var grein fyrir þeim verkefnum sem liggja fyrir fræðslunefnd og stöðu mála. Sigurður Már Eggertsson, persónuverndarfulltrúi Ísafjarðarbæjar kom inn á fundinn og gerði grein fyrir stöðu mála í innleiðingu nýrra persónuverndarlaga.

Gestir

Sigurður Már Eggertsson, persónuverndarfulltrúi Ísafjarðarbæjar - 08:20

2. Úthlutunarlíkan og samstarfssamningur - 2013120028

Lagðir fram samstarfssamningur Tónlistafélags Ísafjarðar og Ísafjarðarbæjar um rekstur Tónlistaskóla Ísafjarðar og samstarfssamningur Listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar.

Lagt er til að að bætt verði inn í 6. grein samninganna að samningurinn endurnýjast sjálfkrafa árlega, nema einhverjar athugasemdir komi fram.

3. Áætlanir og skýrslur grunnskóla skólaárið 2017-2018 - 2017090074

Frestað til næsta fundar.

4. Áætlanir og skýrslur grunnskóla skólaárið 2018-2019 - 2018100079

Lögð fram starfsáætlun Grunnskólans á Ísafirði, fyrir skólaárið 2018-2019

Lagt fram til kynningar

5. Starfsáætlanir og skýrslur leikskóla skólaárið 2018-2019 - 2018090057

Lögð fram starfsáætlun leikskólans Tjarnarbæjar á Suðureyri, fyrir skólaárið 2018-2019

Lagt fram til kynningar

6. Málefni leikskóla haust 2018 - 2018080029

Kynnt minnisblað frá Guðrúnu Birgisdóttur skóla- og sérkennslufulltrúa, um stöðu biðlista fyrir umsóknir um leikskólavist á leikskólann Sólborg og leikskólann Eyrarskjól á Ísafirði. Lögð voru fram drög af erindisbréfi starfshóps um málefni leikskóla.

Fulltrúar Í-listans í Fræðslunefnd fara fram á að stofnað verði mál vegna áskorunar frá foreldrum barna sem lenda á biðlista vegna dagvistunar árið 2018-2019. Áskorun var send bæjarstjóra, bæjarfulltrúum og fulltrúum fræðslunefndar ásamt sviðstjóra skóla- og tómstundasviðs þriðjudaginn 30. október. Full ástæða er til þess að ræða þetta vandamál sem er að koma upp, bæði innan fræðslunefndar og bæjarstjórnar, til að finna ásettannlegar og ábyrgar lausnir áður en fjárhagsáætlun er fullfrágengin.

Tillaga okkar í Í-listanum er að fela skóla- og tómstundasviði að koma með tillögur sem virka, og helst kostnaðargreindar, svo bæjarstjórn geti tekið ákvörðun um aðgerðir sem byggjast á faglegum og raunhæfum kostum.

Fræðslunefnd felur starfsmönnum skóla- og tómstundasviðs að vinna að lausn málsins í samræmi við umræður á fundinum.

Málinu vísað til bæjarstjórnar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:10

Kristján Þór Kristjánsson

Jónas Þór Birgisson

Nanný Arna Guðmundsdóttir

Magnús Einar Magnússon

Þóra Marý Arnórsdóttir

Margrét Halldórsdóttir

Guðrún Birgisdóttir